



**Verkfræðingafélag Íslands**

Ársskýrsla  
starfsárið **2021-2022**

**Ársskýrsla** þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2021-2022, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli.

### **Stjórn VFÍ 2021-2022**

Svana Helen Björnsdóttir, formaður  
 Jóhannes Benediktsson, varaformaður  
 Anna Beta Gísladóttir, meðstjórnandi  
 Guðrún Sævarsdóttir, meðstjórnandi  
 Páll Á. Jónsson, form. Deildar stjórnenda  
 og sjálfstætt starfandi í VFÍ  
 Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður  
 Kjaradeildar VFÍ  
 Þröstur Guðmundsson, varameðstjórnandi

### **Kjaradeild**

Margrét Elín Sigurðardóttir, formaður  
 Erlendur Örn Fjeldsted  
 Gunnar Sigvaldason  
 Halldór Zoëga  
 Helga Helgadóttir  
 Einar Halldórsson, varameðstjórnandi  
 Lúvísá Sigurðardóttir, varameðstjórnandi

### **Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi**

Páll Á. Jónsson, formaður  
 Bergþór Þormóðsson  
 Stefán Veturliðason  
 Davíð Á. Gunnarsson, varameðstjórnandi

### **Endurskoðendur**

Eysteinn Einarsson, skoðunarmaður  
 Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður  
 Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

### **Starfsfólk**

Árni B. Björnsson, framkv.stj.  
 Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og félagssviðs, staðgengill framkv.stj.  
 Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða  
 Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi  
 Heiðrún H. Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku  
 Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri  
 Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir, fulltrúi kjaramála  
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, fulltrúi kjaramála

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2021	bls. 13
Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2021	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2021-2022	bls. 24



## Ávarp formanns VFÍ

Í ár fagnar Verkfræðingafélag Íslands 110 ára afmæli. Stefnt var að stórrí alþjóðlegri ráðstefnu og fleiri viðburðum í tilefni afmælisins, en heimsfaraldurinn hefur sett strik í reikninginn. Við munum þó fagna afmælinu eins og vera ber og verður Dagur verkfræðinnar í október 2022 nokkuð umfangsmeiri af þessu tilefni. Einnig var ákveðið að gera metnaðarfullt kynningar-efni, myndband um sögu, samtíð og framtíð verkfræði á Íslandi.

Covid-19 faraldurinn og áhrif hans hafa varað lengur en nokkurn óraði fyrir. Á þeim tveimur árum sem liðin eru frá upphafi faraldursins höfum við lært margt sem mun standa með okkur og gagnast til lengri tíma. Má í því sambandi nefna fjarfundi og sveigjanlegra vinnuumhverfi, sem vissulega felur einnig í sér enn nýjar áskoranir. Aðlögunarhæfni félagsmanna VFÍ og sterk staða þeirra á vinnumarkaði þegar þrengir að er meðal þess jákvæða sem faraldurinn leiddi í ljós. Gagnvart þeim félagsmönnum sem upplifðu erfiðleika vegna til dæmis atvinnumissis vorum við svo lánsöm að fjárhagslega sterk staða félagsins gerði því kleift að veita aðstoð í erfiðum aðstæðum.

Eins og áður er fjárhagsleg staða VFÍ og sjóða félagsins mjög traust. Sjúkra- og styrktarsjóðir eru mikilvægur bakhjarl félagsmanna, til dæmis í veikindum, og er mikil ábyrgð fólgin í því að reka þá þannig að þeir geti staðið undir hlutverki sínu. Lögð hefur verið áhersla á að hvetja sjóðfélaga til að nýta réttindi sín. Ársskýrslur sjóðanna sýna að það hefur tekist og umsóknum hefur fjölgað jafnt og þétt.

Fjölgun félagsmanna VFÍ hefur verið stöðug og jöfn. Við viljum efla tengsl félagsins við nemendur í tæknifræði og verkfræði og hefur ýmsu verið velt upp í því sambandi. Hugmyndir eru um að gera árlega könnun meðal nemenda um liðan þeirra, viðhorf til námsins og framtíðarfyrirætlanir.

Við stefnum að því að fyrsta könnunin verði gerð seinni hluta þessa árs.

Við viljum líka kanna viðhorf félagsmanna til starfsemi félagsins og verður þjónustukönnun gerð á næstu mánuðum. Það verður fróðlegt að bera niðurstöður hennar saman við niðurstöður fyrri kannana. Við viljum vita afstöðu félagsmanna og alltaf gera getur.

Áfram var unnið að því að treysta samstarfið við háskólana. Til dæmis voru haldnir gagnlegir samráðsfundir með fulltrúum Háskólans í Reykjavík. Farið var yfir reglur sem gilda um starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur og störf Menntamálanefndar VFÍ rædd. VFÍ er falið af Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti að veita umsagnir um starfsheitisumsóknir og eru menn sammála um að starfsheitin séu gæðastimpill sem nauðsynlegt sé að viðhalda og standa vörð um samhliða gæðum menntunar. Menntamálanefndin setur reglur í samvinnu við ráðuneytið, sem auglýsir hvaða nám telst leiða til fullnaðarprófs í verkfræði og tæknifræði. Nú er meðal annars til sérstakrar skoðunar staða grunnfaga eins og eðlisfræði í BS-námi í verkfræði. Sambærilegir fundir verða haldnir með fulltrúum Háskóla Íslands.

Í starfi mínu sem formaður hef ég beitt mér fyrir því að könnuð verði áhrif styttingar framhaldsskólans á háskólanám í raunvísindum. Faraldurinn setti þessu viðfangsefni skorður en ég vonast til að við getum hafið þessa mikilvægu umræðu á komandi starfsári. VFÍ hefur sýnt í verki vilja til að auka áhuga ungs fólks á vísindum og tækni. Má í því sambandi nefna að félagið er styrktaraðili Hönnunarkeppni HÍ og Vísindasmiðju HÍ. Árlegur styrkur VFÍ til Vísindasmiðjunnar var að þessu sinni merktur Legókeppni grunnskólanna sem eflir og reynir á margvíslega hæfni í nýsköpun, forritun, hönnun og stuðlar að skapandi lausnum.

Stjórn VFÍ hefur skilað vönduðum umsögnum um margvísleg málefni. Margar þessar umsagnir krefjast yfirlegu, mikils tíma og sérþekkingar. Það hefur gefist vel að leita til sérfræðinga úr röðum félagsmanna til að koma sjónarmiðum tæknimenntaðra á framfæri í mörgum málum. Í ársskýrslunni er listi yfir umsagnir félagsins á liðnu starfsári sem flestar voru lagðar fram í gegnum Samráðsgátt stjórnvalda, en var einnig skilað beint til nefnda Alþingis.

Þátttaka VFÍ í alþjóðlegu samstarfi, bæði innan norrænna samtaka og Evrópusamtakanna FEANI þar sem ég sit í stjórn, hefur reynst verðmæt. Innan FEANI eru margvíslega málefni til umræðu. Í dag

er meginviðfangsefnið sjálfbær þróun þar sem vísindi, tækni og verkfræði eru í lykilhlutverkum. FEANI vinnur að stefnumótun varðandi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þar sem horft er til þess hlutverks sem verkfræðingar og félög þeirra gegna í að ná þessum markmiðum á heimsvísu. Þar eins og annars staðar hafa menn miklar áhyggjur af viðvarandi skorti á tæknimenntuðu fólki sem er sífellt vaxandi. Nýlega fékk FEANI samþykkt þriggja ára Erasmus þróunarverkefni, „Engineers for Europe“ eða E4E, sem mörg systurfélög okkar og háskólar taka þátt í. VFÍ tekur ekki beinan þátt í þróunarverkefninu en ég hef sem stjórnarmaður í framkvæmdastjórn FEANI unnið að verkefnisumsókninni síðastliðin tvö ár. Verkefnið er mikilvægur áfangi í því að skapa heildstæðan upplýsingagrunn um stöðu verkfræðiþekkingar innan Evrópu og tengja við mat á framtíðarþörf. Styrkurinn sem fékkst er um 1,5 m.EUR, eða um 210 m.kr. Þegar verkefninu lýkur munum við njóta afurða þess.

Norrænu samtökin ANE hafa sinnt ýmsum verkefnum sem VFÍ hefur tekið fullan þátt í og hafa þau verið kynnt félagsmönnum. Má í því sambandi nefna skýrslu um nýjan veruleika vegna sveigjanlegs vinnuumhverfis og málþing um framtíð verkfræðinnar og áskoranir. Megináherslur í starfi ANE eru siðferði og gervigreind, hæfniþróun, sjálfbærni, fjölbreytileiki og jafnrétti.

Eins og áður voru fjölmargir viðburðir á vettvangi félagsins og er listi yfir þá aftast í ársskýrslunni. Við vorum svo lánsöm að geta haldið Dag verkfræðinnar í október 2021. Þessi stærsti viðburður í starfsemi VFÍ var sem fyrr mjög vel sóttur og fullt hús. Þar bar hæst að Teningurinn var afhentur í fyrsta sinn, viðurkenninguna hlutu Carbfix fyrir árið 2019 og Controlant fyrir árið 2020. Markmið Teningsins er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem tæknifræðingar og verkfræðingar vinna að. Hönnun Teningsins og ekki síst kynningarmyndband vakti verðskuldaða athygli og erum við afar stolt af því hversu vel tókst til.

Við lítum björtum augum til framtíðar og framundan eru tækifæri sem VFÍ vill takast á við af krafti. Þess má geta að innan tíðar verður kynnt tölfraðileg greining Hagfræðistofnunar á kjörum verkfræðinga og tæknifræðinga í samanburði við aðrar háskólastéttir. Greiningin er gerð að ósk VFÍ. Meðal annars vegna þess að ýmislegt bendir til þess að staða ráðgjafa og hönnuða á almennum vinnumarkaði hafi veikst. Greining af þessu tagi er afar mikil-

væg til að kortleggja stöðuna og hafa sterk gögn í höndunum þegar gerð kjarasamninga fer í hönd á næsta starfsári.

Hér hefur einungis verið stiklað á stóru í viðburðaríku starfsári VFÍ og við horfum bjartsýn fram á veginn. Það er gefandi að starfa í stjórn félagsins sem er samhuga í hagsmunagæslu fyrir félagsmenn og vill halda mikilvægi tækniþekkingar á lofti.

Verkfræðingafélag Íslands hefur sem fyrr mikilvægu hlutverki að gegna sem stærsta og öflugasta fagfélag tæknimenn- aðra á Íslandi og vettvangur lausnamið- aðrar tækniúræðu. Stjórn VFÍ hefur verið einstaklega samhent og iðulega komist að farsælli lausn mála eftir uppbyggjandi skoðanaskipti.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki á skrifstofu félagsins og öllum þeim sem hafa starfað í stjórnnum og nefndum félagsins fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu. Einnig þakka ég þeim sem hafa starfað fyrir félagið á öðrum vettvangi og lagt því lið á margvíslegan hátt.

*Svana Helen Björnsdóttir,  
formaður VFÍ.*

## Menntamálanefnd VFÍ

### Skipan MVFÍ starfsárið 2021-2022:

Steindór Guðmundsson, formaður  
Arnlaugur Guðmundsson  
Björn Karlsson  
Heiða Pálmadóttir  
Ingunn Sæmundsdóttir  
Jenný Ruth Hrafnadóttir  
Jens Arnljótsson  
Jóhannes Benediktsson  
Ólafur Pétur Pálsson  
Þórður Helgason

### Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Tvenns konar fundir nefndarinnar eru haldnir: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir sem lítil eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru haldir tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem eru einfaldar í afgreiðslu

safnist síður upp. Þetta hefur aukið skilvirkni í afgreiðslu umsókna.

Hins vegar er svo öll nefndin boðuð á fundi á um það bil á tveggja mánaða fresti, þar sem áhersla er lögð á að afgreiða umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru fjórir, en embættismannafundir voru sex talsins. Þessir fundir hafa flestir verið haldnir í Verkfræðingahúsi en nokkrir voru þó Teams-fundir á Netinu.

Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tækni- fræði fá að gerast ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tækniúræðinám eða verkfræðinám og ungfélagaaðild er gjaldfrjál.

### Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheiti tvö, bárust Menntamálanefnd VFÍ

allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið meistaranám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS –námi í verkfræði eða tækniúræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

### Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig tæknifræðing tóku formlega gildi

Haustið 2021 var gert lokaátak til að ljúka endurskoðun á „Reglum um leyfi til að kalla sig tæknifræðing“ sem hafa verið í endurskoðun undanfarin ár. Samkomulag náðist loksins milli MVFÍ og ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar um endanlegt orðalag - í nóvember 2021. Eftirfarandi skilaboð bárust frá ráðuneytinu 29. nóvember: „Reglur um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig tæknifræðing, nr. 1330/2021, hafa verið birtar í Stjórnartíðindum og þar með tekið gildi. Sjá hér: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=ce37b47d-0864-4269-83a9-f993c8709f8c>“





### **Samskipti við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar**

Ráðuneytið hefur verið í allmiklum samskiptum við félagið undanfarin ár, og meiri samskiptum heldur en var á árum áður. Meðal annars til að reka á eftir afgreiðslu umsókna um starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur sem stundum dregst lengur en tvo mánuði, einkum ef MVFÍ biður um ítarleg gögn um námið, sem oft skila sé seint. Einnig biður ráðuneytið stundum um ítarlegri rökstuðning varðandi umsóknir um starfsheitin, sem MVFÍ mælir með að hafna. Haldnir hafa verið samráðsfundir á hverju ári til að fara yfir helstu samskiptin, síðast í september 2021.

Samskiptin við ráðuneytið hafa verið í ágætum farvegi, en 1. febrúar 2022 tók formlega gildi „breytt skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands“. Málafni MVFÍ heyrna nú undir ráðuneyti Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, þar sem Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir er ráðherra. Þessum breytingum fylgir tilfærsla þess ráðuneytisfólks sem hefur séð um samskiptin við VFÍ árum saman. Vonandi verða samskiptin við ráðuneytið áfram í góðum farvegi með nýju

samstarfsfólki, en einhvern tíma getur tekið að koma þeim í fyrra horf.

### **Samskipti við Háskólann í Reykjavík**

Á starfsárinu voru haldnir nokkrir fundir VFÍ og Tæknisviðs Háskólans í Reykjavík. Bæði fulltrúar úr stjórn félagsins og meðlimir í MVFÍ tóku þátt í þessum fundum.

Í maí-júní 2021 var m.a. fjallað um nám í hugbúnaðarverkfræði við HR, vegna breytinga á undirstöðugreinum og einnig því að námið heyrir ekki undir verkfræðideild skólans.

Í júní var fundur um námsbrautir í verkfræði við HR í tilefni af sjálfsmatsskýrslu skólans, sem gerð er á fimm ára fresti. Í nóvember var svo fundur um gæðavinnu í Verkfræðideild HR með ytri ráðgjafa, sem var Kristína Edström frá KTH.

Í mars var fundur um breytingar á tæknifræðináminu við HR.

### **Samskipti við Verkfræðideild HÍ**

Stefnt er að því að halda árlega samráðsfund með Verkfræðideild HÍ um verkfræðinámið þar. Slíkur fundur var á dagskrá í nóvember en hann frestaðist ítrekað m.a.

vegna COVID-19 og ekki náðist að halda fundinn á starfsárinu.

Í mars var haldinn fundur um samstarf VFÍ og Verkfræðideildar HÍ meðal annars varðandi viðurkenningu fyrir lokaverkefni nemenda í verkfræði.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ  
Steindór Guðmundsson, formaður*





## Útgáfumál

### Útgáfumál

Í upphafi árs 2019 skipaði stjórn VFÍ útgáfustjórn Verktækni – tímarits Verkfræðingafélags Íslands. Verkefni útgáfustjórnar er ritstjórn tímaritsins en einnig átaksverkefni sem felst í að vinna að því að fá tímaritið skráð í Scopus gagnagrunninn. ([www.scopus.com](http://www.scopus.com)). Fyrsta verkefni hinnar nýju ritstjórnar var að fá erlenda ráðgjafa til að gera úttekt á tímaritinu og stilla upp þeim kröfum sem það þarf að uppfylla til að fá ofangreinda skráningu. Á vormánuðum 2021 var tekið í notkun nýtt vefsvæði, i.e. [is, Icelandic Journal of Engineering](http://is.icelandicjournalofengineering.com). Þar má nálgast allar greinar sem birtust í Verktækni frá árinu 2013. Það ár var útgáfu Árbókar VFÍ hætt og ritrýndar greinar og tækni- og vísindagreinar færðust yfir á vettvang Verktækni.

Verkefnið hefur tafist vegna Covid-19 en þegar þetta er ritað er að ljúka uppsetningu á enska hluta [ije.is](http://ije.is) og í framhaldi af því mun erlendur ráðgjafi sjá um skráningu þess í Scopus gagnagrunninn.

Ritstjórnina skipa eftirtalin:

Dr. Bjarni Besson, prófessor, Háskóli Íslands.  
Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.

### timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Í gildi er samningur við [timarit.is](http://timarit.is) um að allt útgefið efni félagsins sé aðgengilegt á raf-rænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á [timarit.is](http://timarit.is) er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

### vfi.is

Fyrri hluta árs 2019 lauk uppsetningu á „Mínum síðum“ á vef VFÍ. Þar með varð auðveldara fyrir félagsmenn að fylgjast með réttindum í sjóðum, stöðu umsókna, iðgjaldagreiðslum og öðru er tengist aðild að félaginu og sjóðum VFÍ.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: [facebook.com/vfi.1912](https://facebook.com/vfi.1912). Félagið er einnig á Instagram, verkfræðingafelag.

### Rafbílar VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnum VFÍ um rafbílavæðinguna var stofnaður hópurinn „Rafbílar VFÍ“ á Facebook. Stöðugt fjölgar í

hópnum og þar eru áhugaverðar upplýsingar og umræður um rafbílavæðinguna.

### Umsagnir

VFÍ er umsagnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, laga-setningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Á starfsáriinu, þ.e. frá maí 2021 fram að aðalfundi í loka apríl 2022 veitti félagið umsagnir um eftirfarandi:

Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum. - Drög að stefnu.

Drög að grænbók um samgöngumál - stöðumat og valkostir.

Reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlaða, mál nr. 154/2021.

Frumvarp til fjárlaga 2022 og tillaga til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026.

Áform um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 – bætt nýting virkjana.

Flest þessi mál voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda en að auki leita ýmsir aðilar álits félagsins í málum sem talið er að varði hagsmuni félagsmanna og samfélagsins í heild.



## Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir þetta:

Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftast er tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrjú fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.

Nýir fastafulltrúar VFÍ voru skipaðir á starfsárinu 2021-2022 og eru þeir:

Kristinn Andersen, Guðmundur Þorbjörnsson og Sunna Björg Reynisdóttir.

Nefndin mun á komandi starfsári vinna að hugsanlegri endurskoðun núverandi siðareglna VFÍ.

## Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012.

Í ritröðinni eru átta bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsókna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)
- Alþjóðaheilbrigðismál – Ísland til áhrifa (2016)





## Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

### Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og námskeiða voru haldin á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 24 og 25 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. COVID-19 faraldurinn setti strik í reikninginn eins og fyrra starfsár. Að þessu sinni tókst að halda Dag verkfræðinnar og var enn á ný metaðsók. Streymt var beint úr öllum þremur fundasölunum, m.a. á visi.is og var áhorf mun meira en búist hafði verið við. Aftur á móti varð að hætta við Fjölskyldudag verkfræðinnar sem átti að halda í ágúst mánuði. Áður en Covid skall á af fullum þunga var hafinn undirbúningur að því að kaupa nýjan og fullkominn útsendingabúnað í fundasal VFÍ sem hefur reynst vel í þessu fordæmalausa ástandi. Viðburðir voru ýmist í vefútsendingu eða sem fjarfundir á Teams og Zoom.

Nú er hægt að nálgast upptökur á „Sjónvarp VFÍ“ sem er rás á Vimeo og er hlekkur á forsíðu vfi.is

### Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar var haldinn 22. október 2021 á Hilton Reykjavík Nordica. Mæting á staðinn var mjög góð og einnig fylgdust fjölmargir með dagskránni í beinu streymi. Dagur verkfræðinnar hefur verið haldinn sex sinnum og hefur aðsóknarmet verið slegið á hverju ári. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga.

### Ný viðurkenning – Teningurinn

Carbfix og Controlant hlutu Teninginn, viðurkenningu Verkfræðingafélags Íslands fyrir framúrskarandi verkefni eða framkvæmd, þegar hann var afhentur í fyrsta sinn á Degi verkfræðinnar. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem tæknifræðingar og verkfræðingar vinna að. Hver dómnefndarmaður gaf einkunn fyrir hvert viðmið, sem eru alls sex talsins, og það verkefni sem hlaut hæstu meðaltals einkunn hreppti verðlaunin.

Upphaflega átti að veita Teninginn í fyrsta skipti 2020 en vegna kórónuveirufaraldursins var hann afhentur fyrir árin 2019 og 2020.

Verðlaunagripurinn, sem var frumsýndur á Degi verkfræðinnar, hefur vakið verðskuldaða athygli. Hönnuðir eru Narfi Þorsteinsson og Adrian Rodrigues. Þeir félagarnir höfðu veg og vanda af gerð kynningarmyndbands sem segja má að hafi ekki síður vakið athygli en verðlaunagripurinn sjálfur. Hægt er að horfa á myndbandið á vef VFÍ og á Youtube.

### Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudegi verkfræðinnar 2021 var aflýst vegna Covid-19. Ráðgert er að taka upp þráðinn í ágúst mánuði 2022. Fjölskyldudagur verkfræðinnar er haldinn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands.

### Rýnisferðin 2022

Covid-19 hafði vitaskuld áhrif á áformaðar Rýnisferðir. Ferðanefndin sló ekki slöku við og dagana 19. – 27. febrúar hélt 180 manna hópur á vegum VFÍ á heimssýninguna í Dubai 2022. Rýnisferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið 1998 og eru nú orðnar 22. Rýnisferðir hafa notið mikilla vinsælda frá upphafi.

### Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum í verkfræði starfsemi félagsins. Þeim sem lengra eru komnir í verkfræðináminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra, einnig Hönnunarkeppni HÍ sem er á vegum Vélárinna, nemendafélags vélaverkfræðinema. Annað hvert ár heimsækir VFÍ nemendur í Danmörku og hafa þeir fundir verið mjög vel sóttir.

Á vormánuðum er haldin kynning fyrir nema sem eru um það bil að ljúka BS- eða MS gráðu í verkfræði eða tæknifræði. Ráðgjafar hjá Hagvangi flytja fyrirlestur um vinnumarkaðinn, ráðningarsamninga og ferilskrár og svara spurningum.

### VerkTækni golfmótið

Eftir ítrekaðar tilraunir varð að fresta VerkTækni golfmótinu 2021. Veðurguðirnir reyndust golfurum í VFÍ ekki hliðhollir. Undirbúningur að VerkTækni golfmótinu 2022 er hafinn.





### Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.

### Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salurinn glæsilegur og aðstaðan eins og best verður á kosið.

### Félagsskírteini

Á árinu 2017 gerði VFÍ samning við Íslandskortið um útgáfu á félagsskírteini. Margvíslegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýs-

ingar á [islandskortid.is](http://islandskortid.is) þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega. Framundan er að koma félagsskírteini VFÍ alfarið yfir á rafrænt form, þannig að plastskírteinin heyrir sögunni til.



## Samstarf innanlands og erlendis

### Félagafjöldinn

Í lok árs 2021 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 5.012. Konur voru 17% félagsmanna. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu.

### Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tækni-fræði hér á landi.

Í gegnum tíðina hefur VFÍ veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda í tæknifræði og fyrir veggspjaldakynningar verkfræðinema í HR. Fyrir Covid-19 hafði verið ákveðið að móta nýjar reglur fyrir viðurkenningarnar þannig að veitt verði sambærileg verðlaun til nemenda í verkfræði og tæknifræði í báðum háskólum. Verður þeirri vinnu framhaldið nú þegar sér fram á faraldurinn taki enda.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður og var reynt að halda slíkum tengslum eins og mögulegt var. Nemendur eru yfirleitt áhugasamir um starfsemi VFÍ og vilja gjarnan fá tækifæri til að ræða ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

Stjórn og Menntamálanefnd VFÍ (MVFI) átti samráðsfundi með fulltrúum Háskólans í Reykjavík. Farið var yfir reglur sem gilda um starfsheiti verkfræðingur og tækni-fræðingur og störf Menntamálanefndar VFÍ. Nú er meðal annars til sérstakrar skoðunar staða grunnfaga eins og eðlisfræði í BS-námi í verkfræði. Sambærilegir fundir verða haldnir með fulltrúum Háskóla Íslands.

### Samstarf við Vísindasmiðju HÍ

Verkfræðingafélag Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands hafa undanfarin ár unnið sameiginlega að því markmiði að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun og efla jafnframt kennara á því sviði. Formlegt samstarf Vísindasmiðjunnar og Verkfræðingafélagsins hófst haustið 2018 og hefur meðal annars stuðlað að gerð fræðsluefnis fyrir kennara og nemendur um forritun, fræðsluverkefni fyrir grunnskóla um lausnir tengdar orkunotkun auk tilraunaverkefnis á vettvangi félagsmiðstöðva um undirstöðuatriði rafmagns.

Að þessu sinni var sérstök áhersla lögð á að efla FLL Legókeppni grunnskólanna, verkefni sem eflir og reynir á margsvíslega hæfni í nýsköpun, forritun, hönnun og skapandi lausnir. Vísindasmiðjan hefur yfirumsjón með keppninni fyrir hönd Háskóla Íslands og stefnt er á að stækka verkefnið umtalsvert til þess að gefa fleiri skólum um land allt kost á þátttöku.

Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki sem fyrr þátt

í árlegum Fjölskyldudegi verkfræðinnar sem haldinn er í ágúst ár hvert, en undanfarin ár hefur fjöldi fólks lagt leið sína í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og kynntist af eigin raun tækjum, tólum og tilraunum Vísindasmiðjunnar. Fyrir faraldurinn hélt Vísindasmiðjan námskeið í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna VFÍ á aldrinum 11 – 16 ára, bæði í Reykjavík og hjá landshluta-deildum.

### Endurmenntun- samstarf við EHÍ

Verkfræðingafélag Íslands hefur frá upphafi verið aðili að Endurmenntun HÍ (EHÍ) og er því heiðursstarfsaðili. Í september 2009 var skrifað undir formlegan samstarfssamning VFÍ og Endurmenntunar HÍ. Markmiðið var að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ.

Endurmenntun HÍ hefur boðið félagsmönnum valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að halda námskeið á vegum landshlutadeildanna. VFÍ greiðir þá ferðakostnað fyrirlesara og gistingu ef þarf. Þannig er unnt að bjóða námskeiðin á sömu kjörum og hjá EHÍ í Reykjavík.

Vegna Covid-19 hafa orðið miklar breytingar á fyrirkomulagi námskeiða og er nú stór hluti þeirra í boði gegnum fjárfundabúnað.


### Norðurlandasamstarf

#### ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfsvettvangur félaga verkfræðinga og tækni-fræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norræna verkfræðinga og tæknifræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóðlegu tilliti. Í dag eru um 500 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum ANE.

ANE vinnur að því að auka sýnileika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. Af nýlegum verkefnum má til dæmis nefna verkefni á sviði síðferðis og gervigreindar, sjálfbærni, hæfniþróunar og upplýsingagjöf um mikil-

### Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2010 - 2022





vægi rannsókna og nýsköpunar og sveigjanlegt vinnuumhverfi. Fjórir lykilorðir eru í stefnu ANE eru: Siðferði og gervigreind, Hæfnipróun, Sjálfbærni og Fjölbreytileiki og jafnrétti.

Á vef ANE, [www.nordicengineers.org](http://www.nordicengineers.org) og á Twitter eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

### Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórnar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 500 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á ársfundum NORDING bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags. Augljóst er að félögin glíma við sömu áskoranir vegna COVID-19 faraldursins.

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana undir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tæknifræðinga og verkfræðinga á Norðurlöngunum taki þátt í því starfi.

### Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í sex ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunabega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu

að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

### Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að FEANI, Evrópusamtökum verkfræðingafélaga og tæknifræðingafélaga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd FEANI starfar á vegum VFÍ. Steindór Guðmundsson formaður MVFÍ er formaður Íslandsnefndar FEANI.

Aðalfundur FEANI hefur yfirleitt verið haldinn í byrjun október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna sem eru nú 33 talsins. Auk þess eru þrjú lönd til viðbótar með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tæknifræðingar). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir FEANI opinberlega sem fulltrúa verkfræðinga- og tæknifræðingastéttanna

í Evrópu. Til að uppfylla lagareglur í Belgíu, þar sem skrifstofa FEANI er staðsett, þarf nú að halda aðalfund tvisvar á ári, og verður sá fyrri að jafnaði haldinn í maí/júní en hinn síðari í september/október. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundi FEANI, en þeir hafa undanfarin tvö ár verið haldnir sem fjarfundir á Netinu.

Nánari upplýsingar um FEANI má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.feani.org/>

### Umsóknir um EUR-ING titil

Tvær umsóknir um EUR-ING titil bárust Íslandsdeild FEANI á starfsárinu og voru báðar samþykktar. Sótt er um EUR-ING titilinn til viðkomandi landsnefndar FEANI, og umsóknin er síðan send til EMC nefndar FEANI til afgreiðslu.

### Aðalfundur FEANI 2021

Vegna COVID-19 takamarkana voru báðir aðalfundirnir 2021 haldnir sem fjarfundir á Netinu. Sá fyrri var haldinn 18. júní og hinn síðari 8. október. Í tengslum við aðalfundina voru fundir landsnefndanna: „National Members Forum (NMF)“, haldnir daginn fyrir aðalfundinn. Þrjú fulltrúar VFÍ tóku þátt í þessum fjarfundum: Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ sem situr líka í stjórn FEANI, Steindór Guðmundsson formaður MVFÍ og formaður Íslandsnefndar FEANI og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri VFÍ.

Á fundum NMF er m.a. sagt frá starfi þriggja landsvæða-hópa NMF, sem eru FEANI North, FEANI South og FEANI Central, þar sem Ísland tilheyrir FEANI-North. Einnig er fjallað um hópastarf þriggja vinnuhópa innan FEANI, sem eru a) STEM (Science, Technology, Engineering, Mathematics), b) Sustainability og c) E4E (Engineers for Europe).

FEANI North heldur tvo fundi á ári og voru báðir fjarfundir, sá fyrri var 7. maí 2021 og sá seinni 10. september 2021. Svana, Steindór og Árni tóku þátt í þessum fjarfundum.

Fyrri aðalfundurinn sóttu fulltrúar 31 þjóðar af 33 þjóðum alls, Kasakstan og Tyrkland mættu ekki. Tvö lönd höfðu ekki borgað neinn hluta árgjalds og höfðu því ekki atkvæðisrétt. Sjö lönd höfðu aðeins greitt helming árgjaldsins, en þau fengu

undanþágu til að taka þátt í ársfundinum og leyfi til að greiða atkvæði, ásamt hinum sem höfðu greitt að fullu. COVID-árið 2020 var FEANI erfitt en þó náðist að skila 28.000 Evru hagnaði með því að draga úr ýmissi starfsemi.

Síðari aðalfundurinn sóttu líka fulltrúar 31 þjóðar af 33 þjóðum alls, Kasakstan og Tyrkland mættu ekki heldur hér og höfðu ekki greitt árgjaldið að fullu. Önnur lönd höfðu höfðu greitt að fullu. Ítrekað var að COVID-tímabilið 2019-2020 reyndist FEANI erfitt, en þó náðist að halda sjó með því að draga úr starfseminni og draga úr útgjöldum sem nam um 20%. Bent var á að það væri óheillavænleg þróun ef sum stóru aðildarlöndin héldu áfram þeirri stefnu sinni að fækka hlutum sínum í FEANI og þar með að greiða lægra árgjald.

Kosið var um eitt laust sæti í stjórn FEANI. Þrjú voru í framboði og hlaut Hans Treier frá Sviss afgerandi kosningu (92% atkvæða). Samtals eru 9 manns í stjórninni, 3 frá hverjum landsvæða-hópi. Frá FEANI North sitja í stjórninni Svana Helen, Trond Markussen frá Noregi og einnig Paul Coughlan frá Bretlandi. Í lok fundarins bauð Þýskaland til Berlínar 5.-6. maí 2022 á auka-aðalfund FEANI, sem verður sá fyrsti í raunheiminum síðan haustfundurinn 2019 var haldinn í Reykjavík.

F.h. Íslandsnefndar FEANI  
Steindór Guðmundsson, formaður.



## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr. 1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtaskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðun-

in sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins rúmum 89.4 mkr. en rekstrartekjur námu rúmum 275.9 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 489,7 mkr. en heildarskuldir tæpum 40.6 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 449.1 mkr. í árslok. Veltufjármunir í árslok voru tæpum 449,1 mkr. hærri en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2021, efnahag þess hinn 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli.

*Reykjavík, 20. apríl 2022.*

*Kristinn Gestsson, löggiltur  
endurskoðandi.*

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að hann verði samþykktur.

*Reykjavík, 27. apríl 2022.*

*Kristjana Kjartansdóttir.  
Eysteinn Einarsson.*

## Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2021

### Rekstrarreikningur

	2021	2020
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	160.933	155.141
Félagsgj. stéttarf -byggingar- og tölvunarfræðinga	34.282	31.618
Umsýslugjöld	80.706	72.134
Rekstrartekjur alls	275.921	258.893
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	90.007	87.572
Húsnæðiskostnaður	19.594	18.627
Aðkeypt þjónusta	4.772	3.537
Þjónustusamningar	2.251	2.705
Skrifstofukostnaður	12.905	10.568
Stjórnarlaun-samninganefndir	2.160	2.131
Rekstrargjöld alls	131.689	125.140
Rekstrarafgangur/tap af aðalstarfsemi	144.232	133.753
<i>Aðrar (tekjur) og gjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	6.040	4.301
Félagakerfi, vél- og hugbúnaður	7.450	15.539
Húsbúnaður	1.259	2.292
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	13.967	4.063
Innlent og erlent samstarf	6.058	4.070
Kjarakannanir og námskeið	3.411	3.918
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	18.423	16.002
Önnur verkefni	2.180	2.666
Aðrar (tekjur) og gjöld alls	58.788	52.851
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	85.444	80.902
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	5.474	4.660
Fjármagnstekjuskattur	-1.204	-1.025
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-288	-308
	3.982	3.327
Tekjur umfram gjöld á árinu	89.426	84.229

### Efnahagsreikningur pr. 31.12.2021

	2021	2020		2021	2020
<i>Eignir</i>					
Fastafjármunir	0	0	<i>Skuldir og eigið fé</i>		
			Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	449.089	360.876
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	41.694	15.543	Skammtímaskuldir	40.584	23.473
Handbært fé:	447.979	368.806			
Samtals eignir	489.673	384.349	Samtals skuldir og eigið fé	489.673	384.349

## Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2021

### Verkfræðingahús ses

Skipuð var ný stjórn á starfsárinu.

#### Stjórnina skipa:

Sveinn I. Ólafsson formaður  
Agnar K. Hansen  
Eva Yngvadóttir  
Torfi G. Sigurðsson varameðstjórnandi  
Inga Hersteinsdóttir varameðstjórnandi

Ráðast þurfti í umfangsmiklar endurbætur á annarri hæð til að bæta hljóðeinangrun og gera síðasta skrifstofurýmið leiguhæft. Nú eru öll skrifstofurými í húsinu komin í langtímaleigu til traustra leigutaka.

Samþykkt hefur verið að ráðast í verulegar framkvæmdir á árinu 2022. Nú hafa verið settir upp tveir rafhleðslustaurar við húsið. Þá verða gerðar verulegar endurbætur á anddyri hússins. Meðal annars verða settar upp sjálfvirkar hurðir til að bæta aðgengi að húsinu.

Rekstrarafkoma ársins 2021 var álíka og árið áður eða hagnaður um 14 m.kr.

Á árinu 2021 var unnið að viðhaldsframkvæmdum fyrir um 17,2 m.kr. sem voru yfirfærðar á fyrningarsjóðsreikning.

Í sjóði voru um 39 m.kr. um áramótin 2021-2022.

### Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss ses 2021

	2021	2020
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	32.754	32.057
	<u>32.754</u>	<u>32.057</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	8.525	7.587
Framlag til samrekstrar	1.803	1.794
Annar kostnaður	1.037	975
	<u>11.365</u>	<u>10.356</u>
Hagnaður/(tap) án fyrninga og fjármagnsliða	21.389	21.701
Fyrningar	-7.501	-6.997
	<u>-7.501</u>	<u>-6.997</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	13.888	14.704
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	238	256
	<u>14.126</u>	<u>14.960</u>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu		

### Efnahagsreikningur pr. 31.12.2021

	2021	2020		2021	2020
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	471.137	439.174	Óráðstafað eigið fé	489.062	445.215
			Fyrningarsjóður fasteignar	19.080	28.746
Fastafjármunir alls	<u>471.137</u>	<u>439.174</u>	<i>Eigið fé alls</i>	<u>508.142</u>	<u>473.961</u>
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	64	1.344	Skammtímaskuldir	2.212	2.645
Handbært fé	39.153	36.088	Skuldir alls	2.212	2.645
Veltufjármunir alls	<u>39.217</u>	<u>37.432</u>			
<i>Samtals eignir</i>	<u>510.354</u>	<u>476.606</u>	<i>Samtals skuldir og eigið fé</i>	<u>510.354</u>	<u>476.606</u>



## Ársskýrsla KVFÍ 2021

### Stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Margrét Elin Sigurðardóttir, formaður  
Erlendur Örn Fjeldsted  
Gunnar Sigvaldason  
Halldór Zoëga  
Helga Helgadóttir

### Varamenn í stjórn Kjaradeildar VFÍ:

Einar Halldórsson  
Lúvísa Sigurðardóttir

Tveir starfsmenn eru í fullu starfi sem fulltrúar á sviði kjaramála, þær Ingibjörg Ósk Birgisdóttir og Hulda Þorbjörg Stefánsdóttir.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt tólf fundi á starfsárinu og voru tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu undirbúning kjaraviðræðna, kjarasamninga, úrlausn einstaklingsmála, uppsagnir, skipun í samninganefndir og kjarakönnun svo fátt eitt sé nefnt.

Sett var á fót kjaranefnd í því skyni að skoða launaþróun félagsmanna og bera saman við aðrar háskólastéttir. Var Hagfræðistofnun Háskóla Íslands falið að gera tölfræðilega greiningu á kjörum verkfræðinga og tæknifræðinga allt frá árinu 2000 til dagsins í dag. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í lok maímánaðar 2022.

Skipuð var nefnd innan stjórnar vegna yfirferðar á stöðu verkfræðinga og tæknifræðinga sem starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum sem hlotið hafa jafnlaunavottun. Verkefni nefndarinnar er að fara yfir og greina gögn sem félagið hefur óskað eftir varðandi jafnlaunavottun.

Ýmis námskeið voru haldin á starfsárinu, ýmist sem staðnámskeið eða með fjarfundarbúnaði – eða blöndu af hvoru tveggja. Námskeið um launaviðtöl voru sem fyrr vel sótt. Einnig tókst námskeið fyrir trúnaðarmenn mjög vel og er unnið markvisst að því að efla tengsl trúnaðarmanna við félagið.

Covid-19-faraldurinn hafði eins og árið áður nokkur áhrif á fjölda heimsóknna félagsmanna á skrifstofu VFÍ. Samskipti við félagsmenn fóru mest megnis fram símleiðis, með tölvupósti og með notkun fjarfundarbúnaðar. Stór hluti af daglegri vinnu starfsmanna kjaradeildar felst í því að svara fyrirspurnum einstaklinga, innlendra sem erlendra, sem leita til félagsins með

margvísleg mál. Sem dæmi má nefna ráðgjöf vegna starfslokasamninga, uppsagna, ráðningarsamninga og túlkana ákvæða í þeim, veita svör við fyrirspurnum launafulltrúa og samskipti við trúnaðarmenn félagsins.

Töluverð hreyfing hefur verið á vinnumarkaði, ef marka má fjölda ráðningarsamninga sem starfsmenn VFÍ hafa fengið til yfirlestrar á síðastliðnu ári.

Einnig hafa komið inn á borð kjaradeildar álitamál vegna veikindaréttar, ávinnslu orlofs og uppsagna í fæðingarolofi ásamt útfærslu á styttingu vinnuvikunnar.

Með niðurlagningu Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og flutning á starfsemi stofnunarinnar í nýtt félag, Tæknisetur ehf., var ákveðið að starfsmenn sem færðust yfir í nýtt félag héldu sömu launakjörum samkvæmt kjarasamningi ríkisins til ársins 2023 en nýráðnir starfsmenn yrðu ráðnir samkvæmt kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins (SA). Samvinna var um form ráðningarsamnings sem tekur tillit til ákvæða úr kjarasamningum SA og ríkis. Ráðningarsamningnum fylgir ákvæði til bráðabirgða en í ákvæðinu segir meðal annars að um réttindi og skyldur umræddra starfsmanna fari jafnframt eftir lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002

Á síðustu árum hefur orðið veruleg aukning á beiðnum til félagsins um veitingu umsagna vegna umsókna erlendra verkfræðinga og tæknifræðinga um atvinnuleyfi hér á landi.

Lögfræðiaðstoð við félagsmenn er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins. Erindum sem hefur verið vísað til lögfræðings hefur fjölgað þó nokkuð milli ára í takt við vaxandi fjölda félagsmanna en einnig hafði Covid-19 faraldurinn áhrif.

Stór hluti af starfsemi félagsins felst í rekstri kjarasjóða sem eru Sjúkrasjóður (almennur markaður), Styrktarsjóður (opinber markaður), Starfsmenntunarsjóður (almennur markaður), Vísinda- og starfsmenntunarsjóður (opinber markaður) og Orlofsjóður. Fulltrúi sjúkra-, styrktar og starfsmenntunarsjóða hjá VFÍ er Aðalheiður Ragnarsdóttir.

Full ástæða er til að hvetja félagsmenn til að kanna réttindi sín í fyrrgreindum sjóðum

(sjá Mínar síður á vef VFÍ) sem tengjast aðild að mismunandi kjarasamningum. Nánar er fjallað um starfsemi sjóðanna á öðrum stað í skýrslunni og eins og sjá má þar eru sjóðir VFÍ öflugir og rekstur þeirra traustur.

Mikilvægt er að félagið haldi vel utan um skráningu og kosningu trúnaðarmanna, en mikil vinna hefur verið lögð í það að efla trúnaðarmenn og störf þeirra á árinu. Á hverjum vinnustað þar sem starfa fleiri en fimm félagsmenn á að velja einn trúnaðarmann starfsfólks. Ef starfsmannafjöldi er 50 eða fleiri er leyfilegt að trúnaðarmennirnir séu tveir. Trúnaðarmaður er skipaður í tvö ár í senn og er tengiliður félagsmanna, atvinnurekanda og stéttarfélagsins. Það er mikilvægt fyrir kjaradeildina að hafa öflugt net trúnaðarmanna.

Starfsmatskerfið í tengslum við kjarasamninga Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar er alltaf í stöðugri þróun. Starfsmatið nær til félagsmanna VFÍ en einnig félagsmanna í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga (ST) og Stéttarfélagi byggingafræðinga (SFB) á grundvelli þjónustusamnings við VFÍ. Vinna við gerð starfsmatsins heldur áfram þar sem sífellt er verið að meta ný störf og endurmeta eldri störf.

Í byrjun árs 2021 hófst vinna við uppfærslu á kjarasamningi við SA. En kjarasamningur VFÍ við SA er ótímabundinn réttindasamningur og þegar breytingar eiga sér stað í öðrum kjarasamningum þarf VFÍ að kalla eftir samtali við SA til þess að uppfæra kjarasamninginn. Búið er að aðlagða vinnutíma félagsmanna við styttri vinnutíma á almennum markaði og var skrifað undir uppfærðan kjarasamning ásamt fylgigögnum 8. júlí sl. Fylgiskjölin sem fylgja kjarasamningnum eru staðlað form ráðningarsamnings, leiðbeiningar vegna árlegs launaviðtals, staðlað form vegna höfunda- og hugverkaréttar, fjarvinnusniðmát, samkeppnisniðmát, sniðmát vegna launa í erlendum gjaldmiðli og sniðmát vegna afnota af bifreið. Að beiðni SA eru þessi gögn aðeins aðgengileg félagsmönnum (bæði á íslensku og á ensku) á Mínum síðum VFÍ en mikil vinna var lögð í gerð þessara gagna.

Á árinu 2020 var gengið frá kjarasamningum við nær alla viðsemjendur VFÍ. Á síðasta starfsári tókust loks samningar við Landsnet eftir að þeim hafði verið vís-

að til ríkissáttasemjara. Einnig var lokið gerð stofnanasamninga við Fiskistofu og Skattinn. VFÍ hefur nú gengið frá stofnanasamningum við 21 ríkisstofnun/fyrirtæki. Stofnanasamningar, eins og aðrir kjarasamningar, eru aðgengilegir á vef VFÍ. Ekki tókst að klára stofnanasamning við Landbúnaðarháskóla Íslands, viðræður strönduðu á launaröðun starfsmanna.

Ljóst er að næsta starfsár mun mótast mjög af gerð kjarasamninga. Samningar hinna ýmsu hópa eru lausir sem hér segir:

Kjarasamningur VFÍ við Orkuveitu Reykjavíkur gildir til 1. nóvember 2022

Kjarasamningur VFÍ við Rarik gildir til 31. október 2022.

Kjarasamningur VFÍ við Landsvirkjun gildir til 1. nóvember 2022.

Kjarasamningur Félags ráðgjafarverkfræðinga gildir til 1. nóvember 2022

Kjarasamningur VFÍ við ríkið gildir til 31. mars 2023

Kjarasamningur VFÍ við Samband íslenskra sveitarfélaga gildir til 31. mars 2023

Kjarasamningur VFÍ við SA er ótímabundinn.

Þeir félagsmenn sem sitja í samninganefndum fyrir félagið eiga miklar þakkir skildar fyrir sitt vinnuframlag.

Í aðdraganda kjarasamninga hefur kjaradeildin átt óformlega fundi með tengiliði Félags ráðgjafarverkfræðinga varðandi orlofskaflann í kjarasamningi félagsins við FRV og fleiri þætti er snúa að kjarasamningnum. Ávinnsla orlofsréttinda í kjarasamningi FRV er lífaldurstengd en það er ekki heimilt samkvæmt lögum og því þarf að endurskoða ákvæðið um orlofsávinnslu samningsins. Ekki er komin tímasetning á það hvenær formlegar kjaraviðræður hefjast.

Samið var um launaauka (hagvaxtarauka) í kjarasamningi við FRV, kjarasamningum sveitarfélaganna, Reykjavíkurborgar og ríkisins. Hagvaxtaraukinn virkjaðist 1. apríl 2022 og á því að koma til greiðslu 1. maí 2022.

NIL-fundur var haldinn í Finnlandi dagana 15. – 17. nóvember. Fulltrúar kjaradeildar sóttu fundinn þar sem gagnleg og góð upplýsingaskipti áttu sér stað. Áætlað er að næsti NIL-fundur verði hér á landi í september 2022.

## Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2021

### Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2021-2022:

Auður Ólafsdóttir  
Hulda Guðmundsdóttir  
Hermann Ólason  
Bjarni Bentsson  
Hreinn Ólafsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 836 þar af eru félagar í VFÍ 717 og aðrir 119 og fjölgaði um 1,3% milli ára.

Veittir voru 908 styrkir alls sem er 33,9% fjölgun milli ára.

### Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 84,4 mkr og hækkuðu

### Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur  
iðgjöld

Rekstrartekjur alls

Rekstrargjöld

Styrkir og hóprannsókn

Umsýslukostnaður

Annar kostnaður

Rekstrargjöld alls


Hagnaður/(tap) án fjármagnsliða

Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld

(Gjöld) umfram tekjur á árinu

um 12,6% milli ára. Styrkir námu 78,5 mkr. Rekstrargjöld voru um 9,7 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 1,6 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2021 var 69,8 mkr. Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Hlutfall styrkja af iðgjöldum var 93% 2021 en var 62,7% árið 2020. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga

### Fjöldi greiddra styrkja úr styrktarsjóði VFÍ




2021

2020


eru mismunandi; lægst 0,75% af launum og hæst 1% af launum.

Á árinu 2021 var haldið áfram með ristilspeglun og áhættumat hjá Hjartavernd fyrir sjóðfélaga.

### Lykiltölur Styrktarsjóðs VFÍ



### Sjóðfélagar Styrktarsjóðs VFÍ



### Efnahagsreikningur pr. 31.12.2021

	2021	2020
Eignir		
Skammtímakvótur	12.717	10.497
Handbært fé	63.573	63.780
	<u>76.290</u>	<u>74.277</u>
Skuldir og eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	69.807	71.382
Skammtímaskuldir	6.483	2.895
	<u>76.290</u>	<u>74.277</u>



## Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2021

### Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2021 til 2022:

Hulda Björg Þórisdóttir  
Halldór Árnason  
Björgvin Áskelsson  
Helgi Baldvinsson  
Þór Hallgrímsson

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustusamning við VFÍ.

Á síðastliðnu ári voru veittir 4119 styrkir sem er 21,7% fjölgun frá árinu áður.


Sjóðfélagar voru 2989 í árslok 2021 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru félagar í VFÍ 2382 en aðrir 606. Sjóðfélögum fjölgaði því um 6,1% á árinu.

### Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2021 námu 370,1 mkr. sem er 13,5% hækkun frá 2020. Styrkir námu rúmum 372,8 mkr og hækka um 15,3% milli ára. Rekstrargjöld voru 38,9 mkr.

Styrkir sem hlutfall af iðgjöldum voru 100,1% en 99,1% árið 2020. Fjáreignatekjur lækkuðu úr 57,0 mkr 2020 í 30,1 mkr 2021. Stjórn sjóðsins mun láta gera trygginga-

#### Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ




### Rekstrarreikningur

	2021	2020
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	370.084	326.132
<i>Rekstrartekjur alls</i>	370.084	326.132
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	372.831	323.316
Umsýslukostnaður	37.009	32.613
Annar kostnaður	1.868	1.891
<i>Rekstrargjöld alls</i>	411.708	357.820
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-41.624	-31.688
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	30.057	57.009
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<b>-11.567</b>	<b>25.321</b>


fræðilega úttekt en ekki er ástæða að svo stöddu að skerða styrki.

Hóprannsóknnum var haldið áfram á árinu bæði hjá Hjartavernd og ristilspeglanir.

#### Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



#### Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



### Efnahagsreikningur

	2021	2020
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	36.317	41.273
Verðbréf	840.868	813.985
Handbært fé	164.959	177.636
	1.042.144	1.032.894
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	1.012.665	1.024.232
Skammtímaskuldir	29.479	8.662
	1.042.144	1.032.894

### Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2012	759	37,3
2013	789	4,0
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7
2020	3384	-1,0
2021	4119	21,7

## Skýrsla Vísindasjóðs 2021

### Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2021-2022 skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ  
Óli Jón Hertervig, VFÍ  
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h. Rvk. borgar  
Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkis-sjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnu-launum.

Þess ber að geta að með nýjum kjara-samningi félagsins við Reykjavíkurborg var hætt að greiða í sjóðinn og er unnið að uppfjöri réttinda þeirra sjóðfélaga sem þar starfa.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2021 námu 145,9 mkr og iðgjöld í Starfsþróunarsjóð 7,3 mkr. Heildarupphæð styrkja var 36,9 mkr.

### Rekstrarreikningur

	2021	2020
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	145.905	134.923
Iðgjöld starfsþróunarsjóðs	7.255	5.756
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>153.160</u>	<u>140.679</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	36.849	45.725
Umsýslukostnaður	15.316	14.068
Annar kostnaður	1.912	642
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>54.077</u>	<u>60.435</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	99.083	80.244
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	6.474	6.317
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u><b>105.557</b></u>	<u><b>86.561</b></u>


Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2021 er eftirfarandi: 82 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 153 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 235 umsóknir sem er fækkun á milli ára.

Alls var greitt fyrir 755 einstaklinga til sjóðsins árið 2021. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 644 og aðrir 111. Sjóðfélagafjöldi stóð í stað milli ára.


### Efnahagsreikningur

	2021	2020
<i>Eignir</i>		
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	21.628	18.306
Handbært fé	637.539	534.367
	<u>659.167</u>	<u>552.673</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	657.486	551.929
Skammtímaskuldir	1.681	744
	<u>659.167</u>	<u>552.673</u>


Sjóðfélagar  
Vísindasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr  
Vísindasjóði VFÍ



Lykiltölur  
Vísindasjóðs VFÍ



## Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2021

### Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2021-2022 skipuð eftirtöldum fulltrúum

Kristinn Steingrímsson, formaður  
Heiða Njóna Guðbrandsdóttir  
Linda Rós Birgisdóttir


Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Árið 2021 var því þriðja árið sem styrkir voru greiddir. Alls voru greiddir út 225 styrkir að upphæð 16,3 mkr. Það er aðeins 25% af iðgjöldum ársins en hækkar þó á milli ára. Gera þarf gangskör í að kynna sjóðinn fyrir sjóðfélögum. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2021 kr. 280,9 mkr.

Sjóðfélagar í lok ársins 2021 voru 2270 þar af 1710 félagi í VFÍ og aðrir 560. Sjóðfélögum fjölgaði um 9% milli ára.

### Rekstrarreikningur

	2021	2020
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	65.034	56.990
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>65.034</u>	<u>56.990</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	16.277	11.374
Umsýslukostnaður	3.252	2.849
Annar kostnaður	480	509
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>20.009</u>	<u>14.732</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	45.025	42.258
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.368	1.276
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u><b>46.393</b></u>	<u><b>43.534</b></u>


### Lykiltölur Starfsmenntunarsjóðs VFÍ




### Efnahagsreikningur

	2021	2020
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	11.003	8.060
Handbært fé	268.857	224.457
	<u>279.860</u>	<u>232.517</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	278.913	232.517
Skammtímaskuldir	947	0
	<u>279.860</u>	<u>232.517</u>

### Fjöldi greiddra styrkja úr Starfsmenntunarsjóði



### Sjóðfélagar Starfsmenntunarsjóðs



## Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2021

### Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2021-2022:

Margrét Edda Ragnarsdóttir  
Sveinn V. Árnason  
Kristján Sturlaugsson  
Helgi Páll Einarsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2022 verður tuttugasta og fimmta sumarið sem úthlutað er til félagsmanna

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á fimm orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnesi, eitt í Húsafelli en þar á sjóðurinn tvær lóðir og unnið er að smíði húsa á þeim. Þá á sjóðurinn íbúð í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2021 var auk þess boðið upp á íbúð á Ísafirði, orlofshús að Hrísum í Eyjafirði, íbúðir á Akureyri, hús í Vopnafirði og að Staffelli á Austurlandi. Auk þess leigir sjóðurinn út tjaldvagn til sjóðfélaga.

Sumarið 2020 var Ferðaávisun í boði í fyrsta sinn en með henni er hægt að greiða fyrir niðurgreidda hótलगistingu víðs vegar um landið.

Umsóknir um sumarúthlutun 2021 voru 441 og tókst að úthluta 191 gistingum í húsum og tjaldvagni. Auk þess gátu sjóðfélagar keypt miða og ferðaávisun fyrir hótलगistingu, Golfkortið, Veiðikortið, Útilegukortið og Gjafabréf Ícelandair. Vegna ferðatakmarkana á tímum Covid-19 var ásókn mun meiri en undanfarin ár.

Alls var greitt fyrir 3662 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2021. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir voru 2870 en aðrir sjóðfélagar eru 792. Sjóðfélögum fjölgaði um 6,4% milli ára. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 107,1 mkr og leigutekjur voru 17,0 mkr.


### Rekstrarreikningur

	2021	2020
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	107.092	93.511
Leigutekjur	16.993	17.443
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>124.085</u>	<u>110.954</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	41.949	41.191
Rekstur orlofshúsa	13.749	12.863
Umsýslukostnaður	14.890	13.315
Annar kostnaður	5.402	4.701
Fyrning sumarhúsa	8.013	8.525
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>84.003</u>	<u>80.595</u>
Hagnaður/tap/ án fjármagnsliða	40.082	30.359
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	240	-58
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u><b>40.322</b></u>	<u><b>30.301</b></u>


### Efnahagsreikningur

	2021	2020
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	137.066	143.840
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	17.381	13.199
Handbært fé	115.085	69.267
	<u>269.532</u>	<u>226.306</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	264.581	224.259
Skammtímaskuldir	4.952	2.047
	<u>269.533</u>	<u>226.306</u>

### Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



### Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



## Öldungadeild VFÍ

**Starf deilda VFÍ á starfsárinu 2021 – 2022 litaðist mjög af Covid-19 og sífelldum breytingum á samkomutakmörkunum. Erfitt var því að skipuleggja fundi nema á netinu. Þegar þetta er skrifað í aðdraganda aðalfundar 2022 hefur verið létt á takmörkunum og vonandi bjartari tímar framundan varðandi möguleika á að halda staðfundi.**

**Skýrsla stjórnar ÖVFÍ um starf deildarinnar frá aðalfundi VFÍ 29. apríl til aðalfundar VFÍ 28. apríl 2022.**

Stjórn ÖVFÍ, sem kosin var á stofnfundi deildarinnar til tveggja ára lét af störfum á aðalfundi ÖVFÍ þann 15. júní 2021. Á fundinum voru eftirtaldir kosnir í stjórn til tveggja ára: Pétur Stefánsson, formaður, Páll Sigurjónsson, Bergþór Þormóðsson, Andrés Svanbjörnsson og Magnús Bjarnason.

Á aðalfundinum var lögð fram skýrsla stjórnar. Hún var rædd og samþykkt.

Að aðalfundarstörfum loknum flutti Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur erindi. Það fjallaði um breytingar í náttúrunni vegna loftlagsbreytinga og um ýmis atriði, sem kunna að valda slíkum loftlagsbreytingum, til dæmis breytingar á sólinni, athafnir manna og allt þar á milli.

Á tímabilinu frá síðasta aðalfundi VFÍ hafa verið haldnir tíu stjórnarfundir. Stjórnin hefur haldið fundi sína síðasta föstudag hvers mánaðar, þegar aðstæður hafa leyft. Félagsstarf sætti nokkrum hömlum vegna samkomutakmarkana sóttvarnaryfirvalda, bæði hér á landi og erlendis. Hætt var við auglýsta ferð til Þýskalands. Einnig var felldur niður fundur, sem áætlaður var fyrir jólin. Fleiri áætlaðar ferðir og fundi var hætt við að halda af þessum sökum.

Farin var ein ferð á vegum deildarinnar:

- Ferð til Vestannaeyja þann 27. maí 2021.

Félagsfundir voru þrjár á þessu tímabili:

- Um verkamannabústaði. Fyrirlesari Pétur Ármannsson arkitekt.
- Um Afganistan. Fyrirlesari Álfrún Perla Baldursdóttir sérfræðingur hjá Utanríkisráðuneytinu.
- Um eldgos í Geldingadölum. Fyrirlesari Þorvaldur Þórðarson prófessor.

Áætlað er að halda aðalfund ÖVFÍ 4. maí 2022.

Stjórnin ráðgerir að undirbúa svipaða stefnu fyrir næsta ár eins og áætluð var fyrir 2021 til 2022. Stjórnin hefur undirbúið breytingar á samþykktum ÖVFÍ varðandi stjórnarkjör og hyggst leggja breytingartillögu fyrir komandi aðalfund deildarinnar.



## Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan VFÍ: Byggingarverkfræðingadeild, Efnaverkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starfsemi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til dæmis sú að skipulag funda og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð. Fyrir liggur að endurmeta starf fagdeildanna og verður það meðal annars viðfangsefni samráðsfundar á vormánuðum 2022.

Segja má að skipulag fagdeilda VFÍ sé barn síns tíma og endurspeglir ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námsleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með fagþópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra. Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt.

## Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Páll Á. Jónsson, formaður, Bergþór Þormóðsson, Stefán Veturliðason og Davíð Á. Gunnarsson, varameðstjórnandi.

Í nóvember 2021 stóð deildin fyrir málþingi um innhýsingu opinberra aðila á verkfræðiþjónustu í samstarfi við Félag ráðgjafarverkfræðinga. Málþingið tókst afar vel, var vel sótt og margir fylgdust með í beinu streymi. Á vormánuðum, nánar tiltekið 5. maí 2022, mun deildin halda vinnustofu um hlutverk stjórnenda í breyttu umhverfi. Leiðbeinandi er Eypór Eðvarðsson stjórnendapjálfari og ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun.

**Starf deilda VFÍ á starfsárinu 2021 – 2022 litaðist mjög af Covid-19 og sífelldum breytingum á samkomutakmörkunum. Erfitt var því að skipuleggja fundi nema á netinu. Þegar þetta er skrifað í aðdraganda aðalfundar 2022 hefur verið létt á takmörkunum og vonandi bjartari tímar framundan varðandi möguleika á að halda staðfundi.**

### Norðurlandsdeild VFÍ

#### Stjórn:

Björgvin Smári Jónsson, formaður.  
Stefán H. Steindórsson, gjaldkeri.  
Víðir Bjarkason, ritari.  
Jón Pétur Indriðason.  
Guðni Helgason.

Eva Hlín Dereksdóttir, varamaður.  
Áki Áskelsson, varamaður.

Starf deildarinnar hefur að miklu leyti legið niðri vegna Covid-19. Fastir liðir eins og Síldarkvöld og Haustferð féllu niður af þessum sökum. Á starfsárinu náðist að halda tvo Samlokufundi. Í október var umfjöllunarefnið Hólasandslína 3. Fyrirlesarar voru Jens Kr. Gíslason, Friðrika Marteinsdóttir og Daníel S. Hallgrímsson verkefnastjórar hjá Landsneti. Þann 5. apríl sl. flutti Hjalti Steinn Gunnarsson fagstjóri hitaveitu Norðurorku fyrirlestur um vatnið í Vaðlaheiðargöngum og nýtingu þess. Í febrúar bauðst félagsmönnum í Norðurlandsdeildinni að taka þátt í viðburði á vegum Austurlandsdeildar sem fannst tilvalið að létta á skammdeginu með uppistandi með Ara Eldjárn.

### Austurlandsdeild VFÍ

#### Stjórn:

Stjórn:  
Valdimar Baldursson, formaður.  
Kári Óttarsson, varaformaður

Björgvin Steinar Friðriksson, gjaldkeri  
Borgþór Geirsson, ritari  
Hekla Kolka Hlökkversdóttir, meðstjórnandi  
Benedikt Stefánsson, varamaður

Starf deildarinnar hefur að mestu legið niðri vegna Covid-19. Fastir liðir eins og Haustferð og þátttaka í Tæknidegi fjölskyldunnar féllu niður af þessum sökum. Í febrúar fannst deildinni kominn tími á að létta mönnum lundina og skipulagði rafræna skemmtun með Ara Eldjárn. Ákveðið var að bjóða Norðurlandsdeildinni að taka þátt í viðburðinum. Uppistandið fór fram 3. febrúar og var gerður góður rómur að þessari nýbreytni. Þegar þetta er ritað hefur verið boðað til aðalfundar deildarinnar sem verður mánudaginn 25. apríl.



## Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2021 hélt Orðanefndin engan fund.

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Jón Þóroddur Jónsson  
Kristján Bjartmarsson  
Ólafur Pálsson  
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar  
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph.D. í íslenski málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

*Sigurður Briem, formaður*

## Ársskýrsla Kvennanefndar

### Stjórn:

Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, formaður.  
Emilía Valdimarsdóttir.  
Gyða Mjöll Ingólfssdóttir.  
Jóhanna Björk Pálsdóttir.  
Kolbrún Reinholdsdóttir.

Kvennanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í tuttugu og tvö ár. Á hvert stendur Kvennanefndin fyrir viðburðum sem ætlað er að styðja við markmið nefndarinnar, þ.e. að styrkja tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla.

Kvennanefndin hafði hug á að fagna tuttugasta starfsári sínu sérstaklega á vormánuðum 2020. Vegna áhrifa COVID-19 faraldursins hafa þau áform ekki orðið að veruleika.

Hápunktur starfsársins er hið árlega Rósaboð þar sem Kvennanefndin býður öllum konum, sem lokið höfðu grunn- eða framhaldsprófi í verkfræði eða tækniþróun árið áður, í veislu þeim til heiðurs. Hinum nýtskrifuðu er færð rós og þær boðnar velkomnar í hópinn. Eitt af meginmarkmiðum Rósaboðsins er að skapa fyrirmyndir og sömuleiðis að gefa nýtskrifuðum konum kost á að kynna reynslumeiri konum innan verkfræðigeirans og efla þannig tengslanet sitt.

Eins og með aðra viðburði þá féll Rósaboðið niður, annað árið í röð.

Til að fræðast nánar um störf Kvennanefndar, fá upplýsingar um næstu viðburði eða til að hafa samband við stjórnarkonur bendum við á facebooksíðu nefndarinnar:

[www.facebook.com/kvennanefndvfi](https://www.facebook.com/kvennanefndvfi).



## Viðburðir 2021-2022

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2021-2022. Vegna COVID-19 voru, eins og fyrra starfsár, fáir viðburðir í Verkfræðingahúsi. Þeim mun meiri áhersla var á fjarfundi og –námskeið og hefur nýr og fullkominn útsendingarbúnaður sannað gildi sitt. Upptökur eru á „Sjónvarp VFÍ“. (Hlekkur á forsiðu vfi.is).  
Dagur verkfræðinnar var haldinn en Fjölskyldudagur verkfræðinnar féll niður.

17. maí 2021

### Samgöngusáttmáli. Kynning í samvinnu við Byggingastaðlaráð.

Fyrirlesari: Bryndís Friðriksdóttir, svæðisstjóri Vegagerðarinnar.

27. maí 2021

### Ferð Öldungadeildar VFÍ til Vestmannaeyja.

1. júní 2021

### Samráðsfundur VFÍ og HR.

10. júní 2021

### Aðalfundur Rafmagnsverkfræðingadeildar VFÍ.

Vegferðin að stafrænu flutningskerfi raforku. Birkir Heimisson, sérfræðingur í stafrænni þróun raforkuflutnings hjá Landsneti.

15. júní 2021

### Aðalfundur Öldungadeildar VFÍ (ÖVFÍ).

Fyrirlesari: Einar Sveinbjörnsson, veðurfræðingur.

28. ágúst 2021

### Samlokufundur: Skýjalausnir. – Áhrif á tæknigeirann, þjónustu og öryggi gagnna.

Fyrirlesari: Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur í stafrænum umbreytingum hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti.

21. september 2021

### Þróun starfsumhverfis – skýrsla ANE (Association of Nordic Engineers).

Bein vefútsending í boði ANE á vegum norrænu félaganna.

24. september 2021

### Vísindaferð félags rafmagns- og tölvuverkfræðinema við HÍ (VIR).

30. september 2021.

### Verkamannabústaðirnir. – Stórir draumar um íbúð alþýðumannsins. Fundur Öldungadeildar VFÍ.

Fyrirlesari: Pétur H. Ármannsson, arkitekt.

5. október 2021

### Samlokufundur Norðurlandsdeildar VFÍ: Hólasandslína 3.

Fyrirlesarar: Jens Kr. Gíslason, Friðrika Marteinsdóttir og Daníel S. Hallgrímsson verkefnastjórar hjá Landsneti.

1. október 2021.

### Vísindaferð tölvunarfræði- og hugbúnaðarverkfræðinema við HÍ (NÖRD).

7. október 2021.

### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

19. október 2021

### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

21. október 2021

### Samlokufundur í boði Félags tölvunarfræðinga. Kynning á starfsemi Svarma.

Fyrirlesarar: Tryggvi Stefánsson tæknistjóri og Tómas Þorbjarnarson hugbúnaðarhönnuður.

22. október 2021

### Dagur verkfræðinnar.

Afhending Teningsins.

27. október 2021

### Haustfundur Rafstaðlaráðs – í samvinnu við VFÍ.

Dreififyrirtæki, landtengingar – loftslagsmál.

27. október 2021

### Staðan í Afghanistan. – Fundur Öldungadeildar VFÍ.

Fyrirlesari: Álfrún Perla Baldursdóttir, sérfræðingur í Utanríkisráðuneytinu.

3. nóvember 2021

### Samlokufundur: Einföldun og sjálfvirkni-væðing ferla.

Fyrirlesarar: Fulltrúar fyrirtækjanna Gemba og Evolv.

10. nóvember 2021

### Málþing á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ og Félags ráðgjafarverkfræðinga: Innhýsing opinberra aðila á verkfræðiþjónustu.

Frummælendur: Ólafur Ágúst Ingason, sviðsstjóri bygginga hjá Eflu verkfræðistofu, Reynir Sævarsson, formaður Félags ráðgjafarverkfræðinga og Gestur Pétursson, fram-

kvæmdastjóri Veitna. Ráðstefnustjóri: Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.

11. nóvember 2021

#### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

25. nóvember 2021

#### Haustfundur Byggingastaðlaráðs – í samvinnu við VFÍ.

Mannvirkjaskrá og gæðastjórnunarkerfi byggingarstjóra.

Fyrirlesarar: Þorsteinn Arnalds, framkvæmdastjóri stafrænna innviða og Jón Freyr Sigurðsson, teymisstjóri öryggis mannvirkja hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

27. janúar 2022

#### Málþing á vegum VFÍ og áhugafólks um áhrif hönnunar og skipulags á lífsgæði og lýðheilsu.

Gæði hönnunar á nýjum fagsviðum. – Skipta þau máli?

Frummælendur: Ríkharður Kristjánsson, RK Design, Böðvar Tómasson, Örugg verkfræðistofa, Ólafur Hafstein Pjetursson, Trivium ráðgjöf, Hjalti Sigmundsson, Verkbjónusta Hjalta og Ásta Logadóttir, Lota. Ráðstefnustjóri: Ólafur Hjálmarsson, Trivium ráðgjöf.

27. janúar 2022

#### Kynningarfundur vegna Rýnisferðar.

3. febrúar 2022

#### Austur- og Norðurlandsdeildir. Rafræn skemmtun í formi uppistands með Ara Eldjárn.

18. febrúar 2022

#### Visinduferð iðnaðar-, véla- og efnaverkfræðinema við HÍ (Vélin).

19. – 27. febrúar 2022

#### Rýnisferðin 2022 til Dubai.

8. mars til 22. mars

#### Opinn netfyrirlestur: Vertu hress, þrátt fyrir stress. – Ráð til að takast á við streitu daglegs lífs.

Fyrirlesari: Dr. Sigríður Björk Þormar.

10. mars 2022

#### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

22. mars 2022

#### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

24. mars 2022

#### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Geirlaug Jóhannsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi.

30. mars 2022

#### Eldgosið í Geldingadöllum. Fundur Öldungadeildar VFÍ

Fyrirlesari: Þorvaldur Þórðarson prófessor í bergfræði og eldfjallafræði við Háskóla Íslands.

31. mars og 7. apríl 2022

#### Námskeið fyrir trúnaðarmenn á vinnustöðum.

5. apríl 2022

#### Samlokufundur Norðurlandsdeildar. Vatnið úr Vaðlaheiðargöngum og nýting þess.

Fyrirlesari: Hjalti Steinn Gunnarsson fagstjóri hitaveitu Norðurorku.

25. apríl 2022

#### Aðalfundur Austurlandsdeildar VFÍ.

28. apríl 2022

#### Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands.







Verkfræðingafélag Íslands